

Reifun á úrskurði 4/2018 – tollflokkun á gufukyntum sjóðara

M kærði til úrskurðar skv. 117. gr. tolllaga ákvörðun Tollstjóra um að hafna leiðréttingu á tollskrárnúmeri vegna innflutnings á gufusjóðara. Mótmælti M að tollflokkun Tollstjóra sem m.a. leiddi til álagningu úrvinnslugjalds á raf- og rafeindartæki.

Niðurstaða: Um er að ræða sjóðara af gerðinni Myre BIK-230H. Tækið sýður fiskiafurðir með gufu sem er framleidd í öðru tæki. Suðan fer fram í tromlu sem er snúið með rafmagnsmótor. Tækið fær gufu frá gufukatli til að sjóða afurðirnar sem í tromlunni eru og því er gufuketillinn að þjóna tækinu. Suðutæki á borði við umrætt tæki flokkast í vörulið 8419, sem er vöruliður fyrir vélbúnað, til vinnslu á efnun með aðferðum sem fela í sér hitabreytingu, svo sem suðu. Nánar til tekið flokkast tækið í tollskrárnúmer 8419.8909 með hliðsjón af túlkunarreglum 1 og 6. Á þessu tollskrárnúmeri hvíla gjöld í samræmi við lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Engar undantekningar er að finna í lögnum til að fella niður þetta gjald þó aðeins lítill hluti heildarþyngdar tækisins fari undir rafmagnsvélbúnaðinn.